

## SAMANBURÐARRANNSÓKN

---

Inngangur	3
Kennslutími fyrir skyldunám er mjög breytilegur milli Evrópulandanna	3
Á barnaskólastigi er lögð aðaláhersla á lestur, skrift og bókmenntir	5
Mörg lönd leggja tiltölulega mikla áherslu á erlend tungumál á unglinga- og framhaldsskólastigi	9

### Inngangur

Margir hagsmunaaðilar um menntun, eins og nemendur, foreldrar og atvinnuveitendur hafa sterkar skoðanir á námskránni. Þeir vilja vita hvaða fög eru kennd í skólanum, hvort námskráin leggi nægilega áherslu á náttúrufræði og erlend tungumál. Almennt séð vilja þeir einnig vita hvort nemendur öðlist þá þekkingu og færni sem þeir þurfa til að fá atvinnu eða til að fara í framhaldsnám á næsta stigi. Upplýsingar um tímann sem varið er til kennslu hverrar greinar eða „kennslutími“ getur verið mikilvægur vísir um hvaða gildi fagið hefur og vægi þess í námskránni.

Eurydice upplýsinganetið hefur safnað upplýsingum um kennslutíma í fullu skyldunámi í meira en tvo áratugi. Úr þessum gögnum má bera saman tímann sem varið er til kennslu í ýmsum fögum sem eru hluti af aðalnámskrá í mismunandi Evrópulöndum. Frá 2010 hafa upplýsingar sem uppfærðar eru árlega verið aðgengilegar á Eurydice-heimasíðunni. Í fyrsta skipti nú í ár (2013/14) hefur Eurydice upplýsinganetið safnað saman upplýsingum í samvinnu við OECD (NESLI upplýsinganetið).

Þessar upplýsingar byggja á reglugerðum, stöðlum eða tilmælum sem menntayfirvöld ríkis eða sveitarfélaga hafa samþykkt. Til að spara pláss er notast við hugtakið „ráðlagður kennslutími“ í þessu skjali. Gögnin sýna ætlaðan lágmarkskennslutíma og ekki þann kennslutíma sem nemendur fá í raun og veru í skólanum. Frímínútur, einkakennsla og sjálfsnám er ekki talið með. Í vefútgáfunni ([http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts\\_and\\_figures/Instruction\\_Time\\_EN.pdf](http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts_and_figures/Instruction_Time_EN.pdf)) er að finna landsskýrslur ásamt skýringamyndum sem sýna ráðlagðan kennslutíma á ári fyrir hvern árgang eftir námssviði og landi. Athugasemdir við einstök lönd útskýra tölur frá viðkomandi landi. Í þessari útgáfu er einnig að finna skilgreiningu á námssviðum og námskrám.

Í þessari stuttu samanburðarrannsókn eru þrjár vísar lagðir til grundvallar. Miðað við dæmigert skólaár sýnir fyrsti vísirinn lágmarkskennslutíma í klukkustundum fyrir nám samkvæmt aðalnámskrá. Annar vísirinn sýnir kennslutíma sem varið er í lestur, skrift og bókmenntir; stærðfræði; náttúrufræði og erlend tungumál sem skyldugreinar á barnaskólastigi. Þriðji vísirinn sýnir kennslutíma sem varið er í sömu greinar í skyldunámi á unglíngastigi. Allir vísarnir þrjár vísa einungis í almenna menntun.

### Kennslutími fyrir skyldunám er mjög breytilegur milli Evrópulandanna

Lengd skyldunáms er mjög breytileg í Evrópu. Það er frá átta árum í Króatíu og upp í tólf ár í Ungverjalandi, Hollandi (*Voorbereidend Wetenschappelijk Onderwijs*), Portúgal, Bretlandi (Norður-Írland) og Tyrklandi <sup>(1)</sup>. Þar af leiðandi hefur það litla þýðingu að bera saman heildarkennslutíma sem varið er í skyldunám grunnskólans í mismunandi löndum.

---

<sup>(1)</sup> Fyrir ýtarlegri upplýsingar um lengd fulls skyldunáms er vinsamlegast vísað á eftirfarandi Eurydice vefslóð: [http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts\\_and\\_figures/education\\_structures\\_EN.pdf](http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts_and_figures/education_structures_EN.pdf)

Mynd 1 sýnir því lágmarkskennslutíma fyrir heildarnám samkvæmt aðalnámskrá deilt með fjölda ára skyldunámsins. Með þessum einfalda reikningi eru frávik útilokuð sem verða vegna mismunandi fjölda bekkjafjölda í skyldunámi. Samt er mikill munur milli landa í Evrópu. Á dæmigerðu ári fer kennslutíminn upp í eða yfir 900 stundir í Írlandi, Frakklandi, Ítalíu, Hollandi og Bretland (Wales). Hann er nálægt 900 stundum í nokkrum öðrum löndum: Spáni (897), Lúxemborg (892) og Bretlandi (ENG) (891). Á hinum enda mælistikunnar samsvarar kennslutími skyldunáms fyrir dæmigert ár í Króatíu 555 stundum; hann er nálægt 650 í Búlgaríu (644) og Lettlandi (658); og hann er um það bil 700 í Rúmeníu (690), Póllandi (693), Slóveníu (699), Finnlandi (703). Bretland (Skotland) sker sig úr þar sem skoska námskráin (Curriculum for Excellence) skilgreinir hvorki sérstakar kennslugreinar né kennslutíma, fyrir utan lágmark 2 stundir á viku í „íþróttir“.

Í Hollandi <sup>(2)</sup>, Austurríki <sup>(3)</sup>, og Liechtenstein <sup>(4)</sup> eru mismunandi tegundir af framhaldsskólum. Munurinn á ráðlögðum kennslutíma á milli þessari skóla er sáralítill og alls enginn í Austurríki. Veigameiri munur milli tegunda af skólum (eða námskrár) er í Tyrklandi <sup>(5)</sup> og Grikklandi. Í öllum ofantöldum löndum (fyrir utan Grikkland) er sama námskrá fyrir alla nemendur á barnaskólastigi en annað hvort á unglingastigi (Holland, Austurríki og Liechtenstein) eða í framhaldsskóla (Tyrkland) er farið eftir annarri námskrá.

Í Grikklandi eru tvenns konar ríkisreknir barnaskólar með mismunandi námskrá sem útskýrir muninn á kennslutíma á mynd 1 <sup>(6)</sup>: Þeir sem hafa tekið upp samræmdu endurskoðuðu námskrána (SEN), en 52% allra nemenda á barnaskólastigi ganga í þessa skóla, og skólar sem kenna öllum öðrum nemendum á barnaskólastigi sem en þeir fara eftir almennu námskránni (AN). Samræmda endurskoðaða námskráin var upphaflega tilraunaverkefni sem hófst 2010. Markmiðið er að samræmda endurskoðaða námskráin komi í stað hinnar almennu í öllum skólum. Nemendur í skólum þar sem farið er eftir AN geta fengið meiri kennslutíma í námi sem er ekki hluti af skyldunámi og þar með er heildarkennslutími þeirra hinn sami og þar sem kennt er samkvæmt SEN. Í rúmlega tíu löndum er skólum eindregið ráðlagt að veita viðbótarkennslutíma við það sem segir í aðalnámskrá, en nemendum er í sjálfsvald sett hvort þeir nýti sér hann <sup>(7)</sup>.

---

<sup>(2)</sup> Nemendur verða að velja á milli þriggja mismunandi skólategunda í lok barnaskólastigsins: VMBO (*Voorbereidend Middelbaar Beroepsonderwijs*), HAVO (*Hoger Algemeen Voortgezet Onderwijs*) og VWO (*Voorbereidend Wetenschappelijk Onderwijs*). Eftir 10. bekk í VMBO og 11. bekk í HAVO fara nemendur yfirleitt í verknám sem er ekki tekið með í þessari gagnasöfnun. Þess vegna eru mismargir bekkir í almennu skyldunámi eftir því hvaða námsleið er valin.

<sup>(3)</sup> Nemendur verða að velja á milli þriggja skólategunda í lok barnaskólastigsins: *Allgemeinbildende höhere Schulen*, *Hauptschulen* og *Neue Mittelschulen*. Eftir fjögur ár geta nemendur í þeim tveimur síðastnefndu valið mismunandi námsleiðir. Til að einfalda framsetninguna er kennslutíminn fyrir fyrstu átta árin í skyldunámi, sem eru níu í allt, sýndur sá sami fyrir alla skólana.

<sup>(4)</sup> Nemendur verða að velja á milli þriggja skólategunda í lok barnaskólastigsins: *Gymnasium*, *Realschulen* og *Oberschulen*.

<sup>(5)</sup> Nemendur í framhaldsskóla verða að velja á milli mismunandi námsleiða. Þessi gögn eiga við framhaldsskóla og Anatolia High Schools en 91% allra nemenda á þessu námsstigi eru í þannig skólum.

<sup>(6)</sup> Til að sjá alla myndina er vinsamlegast vísað á vefútgáfuna:


[http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts\\_and\\_figures/Instruction\\_Time\\_EN.pdf](http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts_and_figures/Instruction_Time_EN.pdf)

<sup>(7)</sup> Fyrir frekari upplýsingar er vinsamlegast vísað á vefútgáfuna og einkum viðaukana á þessari slóð:

[http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts\\_and\\_figures/Instruction\\_Time\\_EN.pdf](http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts_and_figures/Instruction_Time_EN.pdf)



**Mynd 2: Hlutfall af ráðlögðum lágmarkskennslutíma fyrir lestur, skrift og bókmenntir; stærðfræði; náttúrufræði og fyrsta erlenda tungumálið sem skyldugreinar á barnaskólastigi, 2013/14**



Heimild: Eurydice.

	BE fr	BE de	BE nl	BG	CZ	DK	DE	EE	IE	EL RC	EL URC	ES	FR	HR	IT	CY	LV	LT	LU
RWL	●	17.9	22.6	29.6	29.7	27.3	20.2	22.5	20.0	27.6	23.8	24.2	36.7	27.8	●	23.8	23.6	29.9	26.5
Stærðfr	●	●	19.6	15.9	16.9	15.3	15.6	15.2	16.7	13.8	12.4	16.4	20.8	22.2	●	14.3	17.2	18.6	19.0
Náttúrufr	●	●	17.6	3.8	10.2	5.7	2.9	6.6	4.0	11.5	9.5	7.0	9.2	12.5	●	5.7	5.1	8.2	7.1
1. tungum	2.4	14.3	3.6	8.8	7.6	5.7	5.9	7.9	(-)	6.9	9.5	10.3	6.3	11.1	8.9	4.8	7.7	6.2	(-)
	HU	MT	NL	AT	PL	PT	RO	SI	SK	FI	SE	UK- ENG	UK- WLS	UK- NIR	UK- SCT	IS	LI	NO	TR
LSB	33.0	19.2	○	29.8	17.9	27.0	27.3	23.0	27.1	23.7	22.0	●	●	●	(-)	20.0	24.8	26.2	30.0
Stærðfr	16.2	20.8	○	17.0	13.5	27.0	14.2	17.1	14.6	16.2	15.0	●	●	●	(-)	15.6	18.2	17.0	16.7
Náttúrufr	6.2	5.7	○	12.8	10.2	7.0	4.7	8.1	3.1	10.5	11.8	●	●	●	(-)	8.4	10.9	6.3	5.0
1. tungum	3.4	16.6	○	2.1	10.2	3.1	5.8	5.9	6.3	6.0	7.1	(-)	(-)	(-)	(-)	3.4	5.1	7.0	5.0

● Skyldugreinar með sveigjanlegri stundatöflu ○ Svigrúm á lóðrétta og lárétta ásnúnum (-) Ekkert eða á ekki við

### Skýringar

Árgöngum á leikskólaaldri er sleppt jafnvel þótt þeir séu hluti af fullu skyldunámi. Hlutfall hvernar námsgreinar er fundið með því að deila tímanum sem varið er til einstakra skyldufaga á barnaskólastigi með heildarfjölda stunda fyrir skyldukennslu á barnaskólastigi (og margfalda síðan með 100).

**Skyldugreinar með sveigjanlegri stundatöflu (svigrúm á lárétta ásnúnum):** Æðstu menntayfirvöld nefna ekki kennslutíma sem skal varið í hverja grein, heldur aðeins heildarkennslutíma fyrir flokk af greinum. Yfirvöld í sveitarstjórnnum og bæjum, skólar eða kennarar geta síðan ákveðið hve miklum tíma skuli varið í einstakar greinar.

**Svigrúm á lóðrétta ásnúnum:** Æðstu menntayfirvöld nefna ekki kennslutíma fyrir ákveðna grein í hverjum bekk, heldur aðeins heildarkennslutíma fyrir nokkra bekki eða jafnvel allt skyldunámið. Skólum/svæðisyfirvöldum er síðan í sjálfsvald sett hve miklum tíma skal varið í hvern bekk.

### Útskýringar fyrir einstök lönd

**Belgía (BE de):** Í gögnum um náttúrufræði er einnig kennslutími í tæknimennt í 1.-8. bekk.

**Belgía (BE nl):** Í gögnum um náttúrufræði er einnig kennslutími í samfélagsgreinum í 1.-6. bekk. Löggjöfin setur aðeins skilyrði um heildarkennslutíma án þess að ákveða hve mörgum klukkustundum skuli varið í einhverja eina grein (svigrúm á lárétta ásnúnum). Áætlaður kennslutími er meðaltal gildanna sem gefin eru upp í stundaskrá regnhlífasamtaka ríkisskólanna (menntun í borgum, bæjum og á landsbyggðinni).

**Tékkland:** Í gögnum um náttúrufræði er einnig kennslutími í samfélagsgreinum í 1.-5. bekk.

**Írland og Malta:** Í gögnum um náttúrufræði er einnig kennslutími í tæknimennt í 1.-6. bekk.

**Frakkland:** Í gögnum um náttúrufræði er einnig kennslutími í samfélagsgreinum í 1.-2., í upplýsinga- og samskiptatækni í 1.-5. og í tæknimennt í 3.-5. bekk.

**Írland og Bretland:** Ekkert erlent tungumál er kennt sem skyldufag.

**Króaía og Litháen:** Í gögnum um náttúrufræði er einnig kennslutími í samfélagsgreinum í 1.-4. bekk.

**Lúxemborg:** Í gögnum um lestur, skrift og bókmenntir eru einnig talin með gögn um fyrsta erlenda tungumálið sem skyldufag í 1.-6. bekk.

**Malta:** Tölurnar eru vanreiknaðar þar sem ekki kemur fram kennslutími í júní mánuði (sumarstundatafla).

**Austurríki:** Í gögnum um náttúrufræði er einnig kennslutími í samfélagsgreinum í 1.-4. og í tæknimennt í 1.-4. bekk.

**Pólland:** Tölum fyrir fyrstu þrjú ár barnaskólastigsins er sleppt þar sem mestur hluti tímans er sveigjanlegur sem ætlaður er fyrir skyldugreinar.

**Svíþjóð:** Í gögnum um náttúrufræði er einnig kennslutími í tæknimennt í 1.-9. bekk.

**Liechtenstein:** Í gögnum um náttúrufræði er einnig kennslutími í samfélagsgreinum í 1.-4. bekk. Í gögnum um náttúrufræði í *Oberschule* og *Realschule* er einnig kennslutími í samfélagsgreinum í 5.-9. bekk.

Fyrir Aðrar nánari upplýsingar um aðferðafræði landanna við gagnasöfnun og gögnum sem safnað var er vinsamlegast vísað í kafla 3 í vefútgáfunni sem finna má á þessari slóð: <http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/> [documents/facts\\_and\\_figures/Instruction\\_Time\\_EN.pdf](#).

Löndin með aðeins yfir 60% hlutfall fyrir þessi fjögur námssvið eru Belgía (flæmskumælandi hluti), Tékkland, Litháen, Malta, Austurríki og Portúgal. Á hinum enda mælistikunnar eru Þýskaland, Kýpur, Írland og Ísland sem verja minna en 50% af lágmarkskennslutíma í kennslu þessara fjögurra greina. Írland hefur reyndar sérstöðu þar sem írska, sem er opinbert tungumál ásamt ensku, er ekki talin með þessum fjórum námssviðum. Þrátt fyrir það er talsverðum tíma varið í kennslu írskunnar samanborið við tímann sem fer í lestur, skrift og bókmenntir <sup>(10)</sup>.

Í öllum löndum fyrir utan Möltu er kennslutíminn sem varið er í lestur, skrift og bókmenntir stærsti hlutinn af lágmarkskennslutímanum. Í flestum löndum er þetta hlutfall um það bil 25% af heildartímanum. Á Möltu er stærstum hluta kennslutímans varið í kennslu stærðfræði. Í öllum löndum fyrir utan Möltu og Portúgal er stærðfræði í öðru sæti með 15% hlutfall af kennslutímanum í flestum löndum. Portúgal er eina landið þar sem sama hlutfalli er varið í lestur, skrift og bókmenntir og varið er í stærðfræði. Í Belgíu (flæmskumælandi hlutanum), Þýskalandi, Írlandi, Póllandi og á Íslandi fá þessi námssvið sama eða næstum sama vægi í námskránni. Þar sem hlutfall kennslutíma sem varið er í hvort tveggja er nánast hið sama (munurinn er undir 5%).

Kennslutíminn sem varið er í náttúrufræði og erlend tungumál er hlutfallslega og verulega minni er tíminn sem fer í lestur, skrift og bókmenntir eða stærðfræði í öllum löndum. Í flestum tilvikum verja nemendur um 10% eða minna í hvort svið. Í Danmörku, Grikklandi (SEN), Póllandi og Tyrklandi er hlutfallið hið sama sem varið er í þessi tvö svið. Fjöldi þeirra landa þar sem hlutfallslega meiri tíma er varið í náttúrufræði er nokkurn veginn sá sami og fyrir erlendu tungumálin. Þó er munurinn í flestum löndum ekki mjög mikill (ekki yfir 5%). En hvað Belgíu (flæmskumælandi hlutann), Möltu og Austurríki áhrærir er munurinn meiri. Hlutfall kennslutíma sem varið er í náttúruvísindi er talsvert hærra en hlutfallinu sem varið er til kennslu erlendra mála (um 10%). Í Möltu er þessu öfugt farið.

Hið tiltölulega lága hlutfall kennslutíma sem varið er í kennslu fyrsta erlenda tungumáls í nokkrum löndum (undir 5%) má skýra að hluta með því, að í um það bil helmingi landanna í þessari könnun byrjar kennsla erlends tungumáls sem skyldufags ekki í fyrsta bekk grunnskóla <sup>(11)</sup>.

Í sumum löndum eru sum námssviðin, sem hér er fjallað um, yfirgrípsmeiri og kennslutímanum er einnig varið til kennslu annarra greina. Þannig er það í Lúxemborg þar sem kennslutíminn fyrir lestur, skrift og bókmenntir er einnig ætlaður fyrir fyrsta erlenda tungumál (þýska). Í sjö löndum er kennslutími fyrir samfélagsgreinum talinn með tímanum fyrir náttúrufræði í sumum bekkjum eða í öllum bekkjum á barnaskólastigi <sup>(12)</sup>. Á þessu skólastigi er tæknimennt einnig hluti af námsefni náttúrufræði í sex löndum í sumum eða öllum bekkjum <sup>(13)</sup>. Í Frakklandi er til dæmis eitt námssvið (*découverte du monde*) þar sem kenndar eru nokkrar ákveðnar greinar eins og náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsinga- og samskiptatækni í fyrstu tveimur bekkjum grunnskóla. Á þessu stigi stjórnast námsefnið frekar af inntaki kennslunnar en einstökum greinum í náttúrufræði.

---

<sup>(10)</sup> Farið vinsamlegast á vefútgáfuna fyrir frekari upplýsingar á þessari vefslóð: [http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts\\_and\\_figures/Instruction\\_Time\\_EN.pdf](http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts_and_figures/Instruction_Time_EN.pdf)

<sup>(11)</sup> Fyrir frekari upplýsingar er vinsamlegast bent á vefútgáfuna á þessari slóð [http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts\\_and\\_figures/Instruction\\_Time\\_EN.pdf](http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts_and_figures/Instruction_Time_EN.pdf). Þar eru tölur birtar eftir bekkjum og greinum.

<sup>(12)</sup> Belgía (flæmskumælandi hluti), Tékkland, Frakkland, Króatía, Litháen, Austurríki og Liechtenstein.

<sup>(13)</sup> Belgía (þýskumælandi hluti), Frakkland, Írland, Malta, Austurríki og Svíþjóð.

Ekki eru til upplýsingar í sumum löndum um hlutfall kennslutíma sem varið er í mismunandi greinar. Í Belgíu (frönsku- og þýskumælandi hlutum), Ítalíu og Bretlandi (England, Wales og Norður-Írland) er ekki kveðið á um reglugerðum frá æðstu yfirvöldum um tímann sem varið skuli í ákveðnar greinar, heldur aðeins fyrir flokk af greinum eða í námskrána alla. Skólar geta því ráðstafað hve miklum tíma þeir verja til kennslu ákveðinna greina í tilteknum bekk. Í Hollandi ákveða æðstu menntayfirvöld heildarkennslutíma sem skólar geta ráðstafað milli bekkja og greina í námskránni. Og eins og nefnt var hér á undan, þá ákveða æðstu menntayfirvöld í Bretlandi (Skotland) ekki hvaða fög skólarnir skuli kenna, fyrir utan íþróttir.

### **Mörg lönd leggja tiltölulega mikla áherslu á erlend tungumál á unglínga- og framhaldsskólastigi**


Á mynd 3 er litið á þessi sömu fjögur skyldunámssvið í unglíngabekkjum á skólaskyldualdri. Í mörgum löndum lýkur skólaskyldu eftir unglíngastig grunnskóla. Í sumum löndum eru þó einn eða tveir bekkir á framhaldsskólastigi hluti af skyldunámi.

Á unglínga- og framhaldsskólastigi, og þá einkum því síðarnefnda, eru sumar greinar ekki lengur skylda fyrir alla nemendur og verða valgreinar fyrir nemendur. Þetta getur útskýrt lægra hlutfall ákveðinna greina í sumum löndum.

Í Hollandi og Bretlandi geta skólarnir sjálfir ráðið því hvernig þeir ráðstafa kennslutímanum milli allra greina í námskránni. Á Írlandi á þetta sjálfræði aðeins við síðasta árgang skyldunámsins sem er fyrsti bekkur á framhaldsskólastigi. Aðrar námsgreinar eins og náttúrufræði og erlend tungumál eru aðeins kenndar sem skyldugreinar.

Samsetningin á grunn- og framhaldsskólastig er þó nokkuð frábrugðin því sem sjá má á barnaskólastiginu. Dreifing kennslutímans milli þessara fjögurra námssviða sem um ræðir, er mun jafnari þótt eilítil munur sé þó í öllum löndum.

**Mynd 3: Hlutfall af ráðlögðum lágmarkskennslutíma fyrir lestur, skrift og bókmenntir; stærðfræði; náttúrufræði og fyrsta erlendum tungumálum sem skyldugreinar á unglingastigi, 2013/14**



Heimild: Eurydice.



	BE fr	BE de	BE nl	BG	CZ	DK	DE	EE	IE	EL	ES	FR	HR	IT	CY	LV	LT	LU	HU	MT	NL HAVO	NL VMBO
<b>RWL</b>	17.4	12.5	13.5	15.1	12.3	19.4	13.7	12.8	8.9	25.7	15.8	15.1	18.6	26.4	13.5	14.6	13.5	15.4	13.6	9.5	○	○
<b>Stærðfr</b>	15.2	●	13.0	11.8	12.3	12.9	13.3	13.8	8.9	11.4	12.0	13.7	16.5	19.4	9.9	15.5	10.7	13.4	11.4	13.5	○	○
<b>Náttúrufr</b>	9.8	●	6.8	13.9	17.2	17.2	12.2	21.3	(-)	10.5	8.3	11.2	16.0	5.6	11.7	9.9	10.8	9.1	12.7	10.8	○	○
<b>Fyrir tungum</b>	13.0	12.5	16.7	11.2	14.8	9.7	18.2	19.1	(-)	11.4	11.4	17.6	12.4	14.6	14.0	17.5	13.1	28.8	15.1	24.1	○	○
	NL VWO	AT AHS	AT HS	AT NMS	PL	PT	RO	SI	SK	FI	SE	UK-ENG	UK-WLS	UK-NIR	UK-SCT	IS	LI GYM	LI OBS	LI REALS	NO	TR AHS	TR HS
<b>RWL</b>	○	13.3	14.2	13.3	13.9	13.5	14.0	13.2	14.7	11.8	22.0	●	●	●	(-)	14.2	12.2	14.8	13.1	15.3	14.7	15.7
<b>Stærðfr</b>	○	14.2	15.0	12.5	11.9	7.0	14.0	13.3	12.3	11.8	15.0	●	●	●	(-)	13.5	13.7	14.8	14.6	12.0	9.1	9.7
<b>Náttúrufr</b>	○	12.5	11.7	12.5	12.0	9.5	17.4	17.4	10.2	15.8	11.8	●	●	●	(-)	8.1	7.2	17.0	16.8	9.6	8.0	8.6
<b>Fyrir tungum</b>	○	11.7	11.7	11.7	●	13.1	14.0	11.1	14.1	15.8	7.1	●	●	●	(-)	●	20.1	11.1	16.8	17.2	14.0	8.6

● Skyldufag með sveigjanlegri stundatöflu

○ Svigrúm á lóðréttu og lárétta ásum

(-) Ekkert eða á ekki við

### Skýringar

Þessar tölur eiga aðeins við almenna menntun. Hlutfall hvernar námsgreinar er fundið með því að deila tímanum sem varið er til einstakra skyldufaga á unglínga- og framhaldsskólastigi með heildarfrjöldu stunda fyrir skyldukennslu á unglínga- og framhaldsskólastigi (og margfalda síðan með 100).

**Skyldugreinar með sveigjanlegri stundatöflu (svigrúm á lárétta ásum):** Æðstu menntayfirvöld nefna ekki kennslutíma sem skal varið í hverja grein, heldur aðeins heildarkennslutíma fyrir flokk af greinum. Yfirvöld í sveitarstjórnnum og bæjum, skólar eða kennarar geta síðan varið tíma í einstakar greinar að eigin vild.

**Svigrúm á lóðréttu ásum:** Æðstu menntayfirvöld nefna ekki kennslutíma fyrir ákveðna grein í hverjum bekk, heldur aðeins heildarkennslutíma fyrir nokkra bekki eða jafnvel allt skyldunámið. Skólum/svæðisyfirvöldum er síðan í sjálfsvald sett hvernig tímanum er skipt eftir bekkjum.

### Útskýringar fyrir einstök lönd

**Belgía (BE de):** Á síðasta ári í fullu skyldunámi hafa skólarnir svigrúm á lárétta ásum fyrir annað erlenda tungumálið sem kennt er sem skyldugrein. Þess vegna liggja engar upplýsingar fyrir um þetta ár.

**Belgía (BE nl):** Lögjöfin setur aðeins skilyrði um heildarkennslutíma án þess að ákveða hve mörgum klukkustundum skuli varið í einhverja eina grein (svigrúm á lárétta ásum). Áætlaður kennslutími er meðaltal gildanna sem gefin eru upp í stundaskrá regnhlífasamtaka ríkisskólanna (menntun í borgum, bæjum og á landsbyggðinni).

**Írland:** Á síðasta ári skyldunámsins (fyrsta árið á framhaldsskólastigi) hafa skólarnir svigrúm á lárétta ásum fyrir sum fög eins og lestur, skrift og bókmenntir, og stærðfræði. Þar af leiðandi eru engar upplýsingar um kennslu fyrir þetta ár.

**Ítalía:** Í gögnum um lestur, skrift og bókmenntir eru einnig talin með gögn um samfélagsgreinar í 6.-8. bekk; í gögnum um stærðfræði er einnig talinn með kennslutími fyrir náttúrufræði í 6.-8. bekk (gögnin um náttúrufræði eiga aðeins við 9.-10. bekk), og fyrir upplýsinga- og samskiptatækni í 9.-10. bekk.

**Lúxemborg:** Í gögnum um lestur, skrift og bókmenntir eru einnig talin með gögn um annað erlenda tungumálið sem skyldufag í 7.-10. bekk.

**Malta:** Tölurnar eru vanreiknaðar þar sem ekki kemur fram kennslutími í júnímánuði (sumarstundatafla).

**Svíþjóð:** Sjá skýringar undir mynd 2.

**Liechtenstein:** Sjá skýringar undir mynd 2.

Fyrir frekari og ýtarlegri upplýsingar um aðferðafræði landanna við gagnasöfnun og gögnum sem safnað var er vinsamlegast vísað í kafla 3 í vefútgáfunni sem sjá má hér:

[http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts\\_and\\_figures/Instruction\\_Time\\_EN.pdf](http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts_and_figures/Instruction_Time_EN.pdf).

Ennfremur þá er stærstum hluta kennslutímans í tæplega helmingi landanna enn varið í lestur, skrift og bókmenntir á unglíngastigi. Grikkland sker sig úr hinum löndunum því stórum hluta heildarkennslutímans er varið í lestur, skrift og bókmenntir (25,7%). Á hinn bóginn er hlutfallið fyrir stærðfræði, náttúrufræði og erlend tungumál aðeins á milli 10,5 og 11,4%. Svipað fyrirkomulag, en ekki eins áberandi, má sjá á Ítalíu og í Svíþjóð. Í flestum öðrum löndum er hlutfallið fyrir lestur, skrift og bókmenntir um 15%.

Í talsvert mörgum löndum nýta nemendur stærsta hluta kennslutímans í nám erlendra tungumála: Belgía (flæmskumælandi hluti), Þýskaland, Frakkland, Kýpur, Lettland, Lúxemborg, Ungverjaland, Malta, Liechtenstein (*Gymnasium*) og Noregur. Í sumum öðrum löndum er hlutfall tímans sem varið er til kennslu erlendra tungumála mjög svipað (munurinn er undir einu prósentustigi) og úthlutað er fyrir lestur, skrift og bókmenntir. Þetta á við um Litháen, Portúgal, Slóvakíu og Tyrkland (Anatolia High Schools). Svipað fyrirkomulag er í Finnlandi og Liechtenstein (*Realschulen*) hvað náttúrufræði varðar. Í öllum þessum löndum er kennslutíminn sem sést á myndinni ætlaður til kennslu tveggja, og í einstaka tilfellum, þriggja erlendra tungumála sem skyldugreinar í sumum eða öllum bekkjum á unglíng- og framhaldsskólastigi (<sup>14</sup>). Hér verður að nefna sérstaklega Lúxemborg og Möltu þar sem kennslutíminn sem ætlaður er til erlendra tungumála er hlutfallslega mun hærri í samanburði við aðrar greinar (einkum lestur, skrift og bókmenntir). Nemendur í báðum þessum löndum hefja nám í erlendum tungumálum á unga aldri í skóla og er námsefnið frekar mikið þar sem þau þurfa að ná mikilli færni í viðkomandi tungumálum þar sem kennsla síðar meir mun fara fram á þessum málum (<sup>15</sup>).

Í stærðfræðikennslu er varið um það bil 15% af heildarkennslutíma í flestum löndum. Stærðfræðin er sjaldnast sú grein sem tekur mestan hluta kennslutímans. Þetta á einungis við í Austurríki (*Allgemeinbildende höhere Schulen* – raungreinasvið (*Realgymnasium*) og *Hauptschulen*). Þar í landi er munurinn þó milli þessara fjögurra greina mjög lítil í prósentustigum. Í þremur löndum (Kýpur, Ungverjaland og Portúgal) verja nemendur minnstum tíma í stærðfræði samanborið við hinar greinarnar þrjár. En einnig hér er ekki mikill munur samanborið við þá námsgrein sem stendur skör ofar (um það bil tvö prósent).

Í um það helmingi allra landanna í þessum samanburði er minnstum hluta af heildarkennslutíma varið í náttúrufræði. Mestur er munurinn milli náttúrufræði og annarra greina í Belgíu (frönsku- og flæmskumælandi hlutar), Ítalíu, Íslandi og Liechtenstein (*Gymnasium*) þar sem hann er fimm af hundraði eða meiri. Á Ítalíu er kennslutíminn fyrir stærðfræði í sumum bekkjum einnig ætlaður til kennslu í náttúrufræði, en það útskýrir hlutfallslega lága tölu fyrir síðarnefndu greinina. Andstætt þessu þá er mestum hluta heildarkennslutímans varið í náttúrufræði í fimm löndum (Tékklandi, Eistlandi, Rúmeníu, Slóveníu og Liechtenstein (*Oberschulen*)). Þetta hlutfall er þó aðeins nokkrum prósentustigum hærra (frá tveimur og fjórum stigum eftir því hvaða land á við).

Eins og sjá mátti á barnaskólastiginu þá er kennslutíminn sem varið er til kennslu þessara fjögurra námssviða á unglíngastigi frá 50% og 60% af heildarkennslutíma, eftir því hvaða land á við). Þetta hlutfall er eilítið hærra í Liechtenstein (*Realschulen*) (61%), Króatíu (63%) og enn hærra á Ítalíu, í Eistlandi og Lúxemborg (66% á Ítalíu og 67% í hinum löndunum tveimur). Spánn (47%), Kýpur (49%), Portúgal (43%) og Tyrkland (45% og 42%) lenda undir lægri mörkum 50%-60% hlutfallsins.

---

(<sup>14</sup>) Fyrir frekari upplýsingar um kennslutíma sem varið er í kennslu fyrsta, annars, þriðja og fjórða erlenda tungumáls sem skyldugreinar fyrir hvern bekk í skyldunámi er vinsamlegast vísað á vefútgáfunu á þessari slóð: [http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts\\_and\\_figures/Instruction\\_Time\\_EN.pdf](http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/facts_and_figures/Instruction_Time_EN.pdf)

(<sup>15</sup>) Þýska og franska í Lúxemborg og enska á Möltu.